

Mál nr. 274/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið váttryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 31. júlí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. ágúst 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Ódags. viðbótarathugasemdir M.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að mongólskt hirðingjatjald í eigu M sem staðsett var í Laugardal, Reykjavík hafi brunnið til grunna vegna íkveikju hinn 26. júlí 2025. Vegna þessa hafi M kafið V um bæt看úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar sinnar en V hafi hafnað kröfu hennar með vísan til þess að umrætt tjald teldist hvorki almennt innbú né almennur viðlegubúnaður og félli því utan gildissviðs váttryggingarinnar.

M byggir á því að tjaldið, sem notað sé til gistingar og útivistar, falli undir það að vera viðlegubúnaður samkvæmt skilmálum. Þó tjaldið sé óhefðbundið að gerð hafi tilgangur þess og eðli verið sambærileg öðrum viðlegubúnaði og ekkert í orðalagi skilmála váttryggingarinnar undanskilji tjöld af þessari tegund. Umrætt tjald sé sett upp og tekið niður og hafi ekki verið ætlað til varanlegrar búsetu heldur hafi staðsetning þess í Laugardal verið þáttur í viðburði og fyrirhugað hafi verið að taka tjaldið niður í lok ágúst. Sé því um að ræða búnað sem ætlaður sé til útilegudvalar og venjulegrar frístundaiðju og skipti ekki máli þó stærð og lögun tjaldsins hafi verið óvenjuleg. Verði talinn einhver vafi á túlkun skilmálanna að þessu leyti beri að líta til þess að um sé að ræða skilmála sem séu einhliða samdir af V og allan vafa um túlkun þeirra beri því að meta M í hag, sbr. andskýringarreglu 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936. Hefði V þá jafnframt verið í lófa lagið að kveða sérstaklega á um það í skilmálum væri ætlunin að undanskilja tjöld af þessari gerð. Vísar M þá til ósanngirnissreglu 36. gr. laga nr. 7/1936 en til álita geti komið að víkja samningsskilmálum til hliðar á grundvelli þess ákvæðis enda væri það verulega ósanngjarnt og íþyngjandi gagnvart neytanda væri váttryggingarvernd innbústryggingar takmörkuð með þeim hætti sem V haldi fram.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt skilmálum taki innbústryggingin til almenns innbús sem fylgi almennu heimilishaldi og sé nánar skilgreint um hvað sé að ræða. Komi þá fram í skilmálum að almennur viðlegubúnaður og almenn tómstundaáhöld falli undir gildissvið innbústryggingarinnar. Komi því til skoðunar hvort um sé að ræða almennt tjald sem notað er sem tómstundaáhöld eða viðlegubúnaður. Verðmæti geti haft áhrif í þessu samhengi og megi nefna að hefðbundin tjöld kosti almennt undir 250.000 kr., en tjald sambærilegt við tjald M kosti um 2,5 milljónir kr. Svo dýrt tjald sé ekki til á flestum heimilum og sé ekki notað sem almennur viðlegubúnaður. Samkvæmt reikningi frá X hafi uppsetningarkostnaður, vinna tveggja starfsmanna við uppsetningu, komið til vegna tjaldsins og styðji það enn frekar við þá afstöðu að ekki sé um að ræða almennt innbú til tómstundaiðkana. Um gríðarlega stórt tjald, sem rúmi yfir tuttugu manns, með áfastri viðarhurð, hafi verið að ræða og hafi tjaldið staðið uppreist í Laugardal í um tvo mánuði fyrir brunann, þrátt fyrir að M eigi lögheimili í Reykjavík. Geti tjald af þessari gerð ekki talist vera almennt innbú. Ekki sé þá heldur um almennan viðlegubúnað að ræða enda sé þung viðarhurð á tjaldinu auk þess sem stórar viðarsúlur hafi haldið því uppréttu. Falli það því ekki undir umrædda váttryggingu heldur hefði M þurft að váttryggja það sérstaklega. Ómögulegt sé þá að tilgreina með tæmandi hætti í skilmálum þá muni sem ekki falla undir váttrygginguna.

Í viðbótarathugasemdum M kemur m.a. fram að í skilmálum sé tekið fram að tryggingin nái til fylgihluta hjólhýsa, fellihýsa og tjaldvagna, sem séu augljós dæmi um viðlegubúnað. Slíkur búnaður geti kostað margar milljónir og geti krafist sérhæfðrar vinnu við uppsetningu. Verð, stærð eða fyrirferð útiloki því ekki að umrætt tjald geti fallið undir það að vera almennur viðlegubúnaður. Teljist það því vera viðlegubúnaður nema skýrt komi fram í skilmálum að svo sé ekki. Enga slíka afmörkun sé að finna í skilmálum enda segi þeir ekkert um það að viðarhurð, stærð eða sérhæfður frágangur leiði til þess að

tjald sé ekki viðlegubúnaður. Það að þörf hafi verið á aðstoð við fyrstu uppsetningu tjaldsins segi þá ekki til um það hvort um viðlegubúnað í skilningi skilmálanna sé að ræða, og hafi M ekki þurft neina faglega aðstoð við uppsetningu þess í Laugardal. Skipti þá ekki máli hvar lögheimili M sé, enda heimili skilmálar V sérstaklega að innbú sé staðsett utan lögheimilis í allt að 90 daga. Er þá áréttað að um einhliða samda skilmála V sé að ræða og verði að túlka þá í því ljósi enda beri V þá allan halla af óskýrleika þeirra. Visar M þá til ýmissa lagaákvæða er varða neytendavernd og skýrleika samningsskilmála máli sínu til frekari stuðnings.

Álit.

Í gr. 7.1 í skilmálum innbústryggingarliðar fjölskyldutryggingar M hjá V kemur fram að tryggingin taki til „innbús sem fylgi almennu heimilishaldi“. Er þá tekið fram í a) lið ákvæðisins að þar undir falli „*almennt innbú, s.s. húsgögn, heimilistæki, skrautmunir, leirtau, bækur, fatnaður og sængurföt, auk almenns viðlegubúnaðar og almennra tómstundaáhalda*“. Er „almennur viðlegubúnaður“ því einn þeirra munaflokka sem felldur er undir hugtakið „almennt innbú“. Í d) lið segir m.a. að einnig falli undir innbú „*Auka- og varahlutir sem tilheyra vélknúnu ökutæki, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagni eða skemmtibát í eigu tryggðu*“. Í gr. 10.6.3 er þá að finna nánari takmarkanir á gildissviði d)liðar.

Fallast má á það með V að örðugt sé að telja með tæmandi hætti upp þá hluti sem falla undir, eða utan þess, að vera „almennt innbú“ enda hljóti það að vera misjafnt eftir aðstæðum og áhugamálum hverrar fjölskyldu. Verði því að meta það í hverju tilviki hvort um „almennt“ innbú og „almennan“ viðlegubúnað sé að ræða, þ.e. hluti sem ætla megi að fylgi almennu heimilishaldi.

Tjaldið sem um ræðir var mongólskt hirðingjatjald með burðargrind úr tré og af ljósmynd af því má ráða að gengið hafi verið inn í það um viðarhurð. Stærð þess liggur ekki að fullu fyrir en af ljósmyndum má ráða að það sé töluvert stærra en almenn tjöld sem ætluð eru til útilega. Liggur þá fyrir að kostnaður við vinnu tveggja aðila við uppsetningu tjaldsins auk ferðakostnaðar nam á árinu 2018 1.240.000 kr. með virðisaukaskatti. Af þessu má ráða að tjald af þessari gerð er talsvert frábrugðið almennum útilegutjöldum, og ekki verður talið að um sé að ræða hlut sem almennt fylgi almennu heimilishaldi, þ.e. er „almennt innbú“.

Jafnvel þó fallist verði á að um „viðlegubúnað“, þ.e. búnað til útilegu, sé að ræða þarf hann samkvæmt fyrrgreindu skilmálaákvæði að vera „almennur“ og þess eðlis að hann falli undir það að tilheyra almennu heimilishaldi.

Af þeirri lýsingu og ljósmyndum sem fyrir nefndinni liggja af umræddu tjaldi verður að telja að það sé nokkuð óvenjulegt og að gerð þess, stærð og uppsetning sé talsvert frábrugðin almennum fjölskyldutjöldum. Þó frekari skilgreiningu á því hvað sé „almennur viðlegubúnaður“ sé ekki að finna í skilmálaákvæðinu verður þó að ætla að um sé að ræða viðlegubúnað vegna útilega fjölskyldu, þ.e. svefnpoka, dýnur, eldunartæki, tjöld og þess háttar sem „almennt“ fyrirfinnst á heimilum og ætla megi að fólk ferðist almennt með og nýti til útilegu. Ekki er sýnt fram á að umrætt tjald hafi verið nýtt í slíkum tilgangi, eða hentað til hans, en þegar það brann hafði það verið í tvo mánuði í Laugardal vegna ótilgreinds viðburðar. Þar sem gerð tjaldsins er með svo sérstökum hætti sem raun ber vitni verður M að bera hallann af því að ekki sé sýnt fram á að það hafi verið „almennur“ viðlegubúnaður í framangreindum skilningi. Það er enda vátryggingartaki sem ber sönnunarbyrði þess að um bótaskyld tjón sé að ræða.

Að mati nefndarinnar verður umrætt tjald þá ekki felld undir d) lið skilmálaákvæðisins enda er þar talið upp með tæmandi hætti að um auka- og varahluti ökutækja, hjólhýsa, fellihýsa, tjaldvagna eða skemmtibáta sé að ræða. Er því ekki tækt að fella umrætt tjald þar undir með einhvers konar löggjöfnun.

Hvað varðar tilvísun M til ýmissa lagaákvæða er varða neytendavernd og skýrleika samninga sem gerðir eru við neytendur er afstaða nefndarinnar sú að jafnvel þó meta þurfi hvort um „almennt“ innbú sé að ræða sé umrætt skilmálaákvæði ekki haldið þeim annmörkum að því verði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, eða að vafi um túlkun þess hvað sé „almennt“ innbú sé til staðar með þeim hætti að túlka beri skilmálanna með öðrum hætti en hér hefur verið gert. Verður ekki heldur talið að með því að tilgreina ekki að tjald af þessari gerð væri undanskilið vátryggingavernd hafi V brotið gegn 19. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, enda er eins og áður sagði fallist á það með V að ekki sé unnt að setja fram tæmandi upptalningu á því hvað telst ekki til „almenns“ innbús heldur verði að meta það hverju sinni.

Af öllu framangreindu, og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, er kröfu M því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 21. október 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir